



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Samgöngustjóri og borgarhönnun

Umsögn um tillögu um aðgerðir til að styðja við fjölgun hjólastæða og yfirbyggðra og öruggra hjólaskýla

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 4. október 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og viðreisnar:

Lagt er til að ráðast í vinnu við að fjölga hjólastæðum og yfirbyggðum og öruggum hjólaskýlum í borginni enn frekar, meðal annars með því að setja á fót sjóð með það markmið að beita fjárhagslegum hvata til uppbyggingar yfirbyggðra og öruggra hjólaskýla. Metið verði hvernig ramma skuli inn umgjörð og umfang sjóðsins og mótaðar um það sérstakar reglur til samþykktar í umhverfis- og skipulagsráði. Einnig verði skoðaðar aðrar leiðir sem stefni að sama marki.

Var tillögunni vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann sama dag.

Umsögn:

Þessi tillaga fellur vel inn í forgangsroðun hjólreiðaáætlunar og hefði jákvæð áhrif á hjólamenningu í borginni. Við setningu regluverks mætti líta til reglna um styrki vegna hleðslubúnaðar fyrir rafbíla við fjöleignarhús. Einnig væri hægt að líta til regluverks erlendis en t.a.m. í Hollandi voru settar reglur þess efnis að ákveðinn fjöldi íbúa geti óskað eftir því að sett séu hjólastæði í stað bílastæðis í götum sínum.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri